

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs
verðlags og atvinnuöryggis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. desember 1971 skal leggja á sérstakan
launaskatt, er nemi 1½%.

2. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu fram að 1. ágúst 1971 skal eigi taka tillit
til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október
1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun
1971.

3. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu á gildistíma þessara laga skal eigi taka tillit
til þeirrar hækkunar á húvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnu-
lið verðlagsgrundvallar, annaðhvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu
verðlagsuppbótar á laun.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu,
skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1971.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1971.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.